

Stjórnarfundur í Geðhjálp

26. október 2023 kl. 16:00

Mætt: Sigríður Gísladóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Elín Atim, Kristinn Tryggvi Gunnarsson á Teams, Sveinn Rúnar Háuksson, og Grímur Atlason, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð frá 28. september sl.

Fundargerðin samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sl. vikna. Talsvert verið á döfinni.

3. Styrktarsjóður geðheilbrigðis

Formaður fór yfir ferlið en alls bárust 46 umsóknir að samtals 92 m.kr en 15 verkefni fengu úthlutað samtals 16 m.kr. Ánægja með starfsemi sjóðsins.

4. Vitundarvakning haustið 2023

Umræður um myndböndin. Stjórn hrósar viðmælendum fyrir hugrekki og einlæga tjáningu. Áfram verður safnað ábendingum frá fólki um það sem megi betur fara í geðheilbrigðiskerfinu. Þegar ábendingum fólks hefur verið safnað verður þeim komið í hendurnar á stjórnvöldum.

5. Rannsókn á fordómum

Framkvæmdastjóri segir frá því að seinkun verði á kynningu á niðurstöðum rannsóknarinnar. Stefnt á að kynna seinna í nóvember.

6. Samtal þjónustuveitenda og notenda

Formaður segir frá fundi sem er í tengslum við umbótaáætlun Landspítalans og haldinn verður í samstarfi við Geðhjálp þriðjudaginn 31. október nk. kl. 16:30.

7. Önnur mál

Umræða um málefni barna í Palestínu og starf Gaza community mental health program. Sveinn Rúnar sagði fundarmönnum frá stöðunni á svæðinu og að Geðhjálp hefði á sínum tíma stutt starf þessara samtaka er laut að áfallahjálp til barna.

SRH
Elín Atim Pálsdóttir
Sigríður Gísladóttir
Elín Gísladóttir